



Eins langt og augað eygir er yfirlitssýning á verkum Birgis Andrésónar á Kjarvalsstöðum. Sýningin stendur til 15. maí og teygir sig svo að segja um allt húsið.

„Þetta er yfirlitssýning á verkum Birgis allt frá fyrstu sýningu hans sem var í SÚM salnum árið 1976. Reynt er að hafa hana í tímaröð þótt það sé erfitt vegna þess að Birgir vann í svipuðum verkum yfir margra ára tímabil. Henni er því skipt upp í þemu í grófri tímaröð,“ segir Aldís Snorradóttir, verkefnastjóri sýninga hjá Listasafni Reykjavíkur.

Sýningarstjóri er bandaríski listfræðingurinn Robert Hobbs. Samtímis opnun sýningarinnar kemur út bók á ensku, um ævi- starf Birgis, In Icelandic Colour, en þar er að finna ritgerð eftir Hobbs. Kjarni sýningarinnar er þau verk sem Hobbs fjallar um í sinni grein. Ásmundur Hrafn Sturluson arkitekt er hönnuður þessarar glæsilegu sýningar. Verkin, sem eru rúmlega hundrað, eru úr safneign Listasafns Reykjavíkur, Listasafns Íslands, Listasafns Háskóla Íslands, Nýlistasafnsins, frá stofnunum, einkasöfnurum og úr dánarbúi listamannsins.

Leikur að þjóðarafi

„Þegar við vorum að vinna að sýningunni opinberaðist greinilega hvað Birgir hafði snert marga á sinni lífstíð. Við vorum að sækja verkin í allar áttir og margir höfðu sína fallegu sögu að segja af honum,“ segir Aldís. „Það er frábært að sjá þessi verk saman komin á einum stað. Síðasta yfirlitssýning á verkum Birgis var 2006 í Listasafni Íslands, ári áður en hann lést og það er því tímabært að kynna verk hans fyrir nýjum kynslóðum.“

Spurð hvað hafi einkennt Birgi sem listamann segir Aldís: „Uppeldið hafði mikil áhrif á hann. Hann ólst upp hjá blindum foreldrum á Blindraheimilinu í Hlíðunum, sem hafði auðvitað áhrif á það hvernig hann upplifði umhverfi sitt og hvernig list hans þróaðist. Leikur hans að þjóðararfinum er annað einkenni á myndlist hans, eins og verkið sem hann fór með á Feneyjatvíæringinn árið 1995, sem samanstóð meðal annars af þrjónuðum fánum í lopalitum og teikningum af grunnum torfbæja. Birgir skoðaði það sem mátti líta á sem íslenska menningu í alþjóðlegu samhengi og nálgadist gjarnan á kaldhæðinn og gamansaman hátt.“

Leiðandi afl

Í vestursal Kjarvalsstaða er stórt



Aldís Snorradóttir er verkefnastjóri sýningarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Sýning sem beðið hefur verið eftir



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

verk sem málað er beint á vegginn, Eins langt og augað eygir, sem sýningin dregur nafn sitt af. Verkið er í safneign Metropolitan-safnsins í New York. Í austursalnum eru síðan verk sem Birgir gerði síðustu árin.

Birgir lést langt fyrir aldur fram. Hann var leiðandi afl í íslenskrum myndlist og átti, og á enn, fjölda aðdáenda. „Fólk var farið að bíða eftir sýningunni og það hefur verið mikið streymi á hana. Fólk þyrstir greinilega í að sjá þessi verk,“ segir Aldís. ■



Verkin á sýningunni eru rúmlega hundrað talsins.



Þrjónaðir fánar í lopalitum heilsa áhorfendum.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Listamaðurinn

Birgir Andrésón (1955-2007) nam myndlist við Myndlista- og handiðaskólann 1973 til 1977 og fór síðan til framhaldsnáms í myndlist við Jan van Eyck Akademie í Maastricht í Hollandi 1978 til 1979. Birgir var valinn til að taka þátt í Feneyjatvíæringnum árið 1995 fyrir hönd Íslands. Verk hans hafa verið sýnd á virtum sýningarstöðum jafnt hérlendis sem erlendis og eru í opinberri safneign og einkasöfnum víða um heim. ■